

Nr. 079 / 16 Dröfn RE 35**Strandar í Þorskafirði**

Skipaskr.nr. 1574 IMO nr. 8002755
Smíðaður: Seyðisfirði 1981, stál
Stærð: 154,6 brl. 185,5 bt.
Mesta lengd: 25,92 m Skráð lengd: 24,9 m
Breidd: 6,6 m Dýpt: 3,45 m
Vél: Caterpillar 416 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 4
Rannsóknarmenn: 4



Dröfn©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. júlí 2016 var Dröfn RE 35 við rannsóknarstörf í Þorskafirði á Barðaströnd. Veður: NA 6 m/sek.

Við rannsóknarstörfin náði að fjara undan skipinu og ákveðið var að bíða eftir næsta flóði.

Áhöfninni tókst að losa skipið eftir miðnætti 28. júlí en engin mengun kom frá skipinu og litlar sem engar skemmdir virtust vera á skipinu eftir lauslega skoðun.

Skipið hélt áfram störfum á svæðinu.

*(Mynd: Dröfn á strandstað©LHG)*

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var í verkefni fyrir Vegagerðina við að setja út straummæla;
- að siglt var eftir örmjórrri rennu inn fjörðinn og átti að setja mælana út innar í firðinum en skipstjóranum leist ekki á það. Hann ákvað því að snúa við og fara sömu leið til baka en þá var byrjað að falla út og lenti skipið upp á öðrum bakkanum á stað, 65°34,100'N og 22°09,381'V;



- að skipverjar losuðu skipið á næsta flóði með því að setja annan togvírinn fastan í grjót og drógu skipið af strandstað;
- að skipið er oft í verkefnum á grunnsævi og óhefðbundnum leiðum.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var varhugaverð sigling á lítið mældu svæði.